




SASS
SAMTÖK
SUNNLEUSKRA
SVEITARFÉLAGA

OFURKRAFTAR SUNNLEUSKS SAMFÉLAGS

ÁRSÞING SASS, HALDIÐ Í VÍK Í MÝRDAL
26. – 27. OKTÓBER 2023



OKTÓBER 2023
WWW.SASS.IS



Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) var haldið í Vík í Mýrdalshreppi 26. - 27. október sl. en þetta var 54. þingið. Það var fjölsótt en alls sóttu ríflega 120 fulltrúar þingið og af þeim eru 70 kjörgengir. Á árþinginu eru aðalfundir SASS, Sorpstöðvar Suðurlands og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands haldnir. Auk almennra aðalfundarstarfa voru fjölmörg áhugaverð erindi flutt og góðar umræður voru um ályktanir og hver áhersluverkefni samtakanna skyldu vera á komandi starfsári.

Milliþinganefndir hafa verið að störfum á árinu sem fjallað hafa um ýmsa málaflokka sem skipta sunnlenskt samfélag máli og þær skiluðu vel útfærðum ályktunum og tillögum að verkefnum. Sem dæmi má nefna að samgönguáætlun SASS fyrir árabilið 2023 – 2033 hefur verið uppfærð.

Allar ályktanirnar má sjá aftar í skjali þessu en eins og sjá má eru nokkrar þeirra yfirstrikaðar með gulu. Á þinginu var gerð könnun og þetta eru þær ályktanir sem skorðu hæst.

Hér á eftir má sjá samantekt yfir forgangsröðun og allar ályktanirnar koma þar á eftir.



Þingfulltrúar, starfsfólk og gestir árþings SASS 2023

Mynd: Sigurjón Andrésón



RÍKIÐ, SVEITARFÉLÖGIN OG VINNUMARKAÐURINN

- ✓ Skorað er á alla aðila sem koma að **gerð kjarasamninga**, þar á meðal ríkisstjórn Íslands, að stuðla að stöðugleika á atvinnumarkaði í komandi kjarasamningaviðræðum. Það er mikilvægt, ef ná á tókum á verðbólgunni sem sligar á endanum fyrirtæki og heimili landsins.
- ✓ Skorað er á sveitarfélög og ríki að hefja viðræður um það hvernig tryggja megi nærsamfélögum um allt land **eðlilegar tekjur af auðlindanýtingu**, tekjur sem muni styrkja byggð og þannig skapa skilyrði til búsetufrelsis um land allt. Mikilvægt er að sveitarfélög hafi tækifæri til að byggja upp nauðsynlega innviði svo að nýting auðlinda geti orðið samfélagslega sjálfbær.
- ✓ Ríki, sveitarfélög og atvinnulífið eru hvött til að **stydja við íslenskunám** fyrir nýbúa og þar með opna dyr þeirra að samfélaginu.

RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS - ALÞINGI

- ✓ Skorað er á ríkið að **auka fjárveitingu í heilbrigðisþjónustu** sem og löggæslu í takt við vaxandi íbúafjölda og gríðarlegan vöxt í umferð fólks um svæðið.
- ✓ Skorað er á ríkið að skoða alvarlega **mannafloppörf lögreglunnar** og hvernig sé hægt að mæta henni með lögreglumenntuðu starfsfólki og tryggja að unnt verði að halda úti stöðugu eftirliti allt árið um kring.
- ✓ Á Suðurlandi eru mestu orkuauðlindir landsins. Tölulegar staðreyndir staðfesta að nærumhverfið nýtur ekki sanngjarns ávinnings af þeirri orkuvinnslu sem á sér stað á Suðurlandi. Við slíka stöðu er ekki hægt að una lengur með boðuð orkuskipti fram undan. Ríkisstjórnin er hvött til að tryggja **breytingar á lagaumhverfi orkuvinnslu** sem tryggir nærumhverfinu ávinning.
- ✓ Skorað er á ríkisstjórn Íslands að tryggja aukinn fjárhagslegan stuðning við **sameiningu sveitarfélaga** og að staðið verði við gefin loford í tengslum við sameiningar sveitarfélaga s.s. um bættar samgöngur.



AUKA FJÁRVEITING Í HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU

Árþing SASS skorar á ríkið til að auka fjárveitingu í heilbrigðisþjónustu sem og löggæslu í takt við vaxandi íbúafjölda og gríðarlegan vöxt í umferð fólks um svæðið.



- ✓ Skorað er á ríkisstjórn Íslands að tryggja áframhaldandi vegferð sóknaráætla landshluta, með samræmdri aðkomu ráðuneyta, svo hefja megi sem fyrst undirbúning að næstu Sóknaráætlun Suðurlands.
- ✓ Skorað er á fjárlaganefnd við afgreiðslu fjárlaga að tryggja hækkun framlög til sóknaráætlunar, byggðapróunar og atvinnuráðgjafa og reksturs áfangastaðastofu.
- ✓ Tekið er undir ályktun Samtaka ungra bænda sem var haldinn á aðalfundi samtakanna að Eiðum á Fljótsdalshéraði þann 14. janúar 2023 og hvetur ríkið til að bregðast við. Ályktunin hljóðar svo: Aðalfundur Samtaka ungra bænda... þykir ástæða til að tekið verði til skoðunar hvernig verjast megi tjóni af völdum álfta og gæsa með mögulegum undanþágum frá gildandi lögum og reglum varðandi friðun til bænda, burtséð frá árstíma.
- ✓ Skorað er á ríkið að móta stefnu í minka- og refaveiðum og stórauka fjármagn til að halda minkum og refum í skefjum í byggð. Ljóst er að þetta hefur veruleg áhrif á fuglalíf, m.a. grágæsastofninn, mófuglar hafa horfið af vissum svæðum og einnig stafar búfé bænda í byggð hætta af þessum vargi.
- ✓ Skorað er á ríkið að ljúka við gerð viðmiða og kortlagningar víðerna á árinu 2024. Samkvæmt náttúruverndarlögum átti kortlagningu víðerna að vera lokið 1. júní í ár. Það eru mikil vonbrigði að henni sé ekki lokið og metnaðarleysi að setja fram markmið um að ljúka kortlagningunni á tímabilinu 2024-2026. Það er óásættanlegt, því á meðan eru engin skýr viðmið og kortlagning til að miða við skipulagsgerð.
- ✓ Skorað er á þingmenn í efnahags- og viðskiptanefnd að taka upp 530. mál, þingsályktunartillögu og ganga frá lagabreytingum þannig að hægt sé að hefjast handa við að safna upplýsingum um dreifingu starfa um landsbyggðina.

SÓKNARÁÆTLANIR LANDSHLUTA

Árþing SASS skorar á ríkisstjórn Íslands að tryggja áframhaldandi vegferð sóknaráætla landshluta, með samræmdri aðkomu ráðuneyta, svo hefja megi sem fyrst undirbúning að næstu Sóknaráætlun Suðurlands.



SVEITARFÉLÖG Á SUÐURLANDI

- ✓ Sveitarfélög á Suðurlandi eru hvött til að halda áfram vinnu sinni í samstarfi við SASS um gerð loftslagsáætlana og að sumarið 2024 verði öll sveitarfélög á Suðurlandi komin með loftslagsáætlun eins og lög gera ráð fyrir.
- ✓ Sveitarfélög á Suðurlandi eru hvött til að ljúka flokkun á landbúnaðarlandi. Á Suðurlandi eru um 10 sveitarfélög sem hafa flokkað landbúnaðarland í aðalskipulagi. Sveitarfélög eru hvött til að hefja þessa vinnu til að hægt sé að fá heildstæða flokkun á Suðurlandsvísu.
- ✓ Sveitarfélög á Suðurlandi eru hvött til að horfa til lengri tíma við eflingu sveitarstjórnarstigsins með áframhaldandi samtali um mögulegar sameiningar sveitarfélaga og fækkun byggðasamlaga í landshlutanum.
- ✓ Ársþing SASS lýsir yfir ánægju með fyrirkomulag byggðaþróunarfulltrúa á sérhverju atvinnusóknarsvæði í landshlutanum og hvetur þá til dáða í sínum störfum fyrir samfélögin okkar.

SAMGÖNGUMÁL

- ✓ Efla þarf löggæslu og viðbragð sjúkraflutninga. Sýnileg löggæsla og öflugt umferðareftirlit heldur niðri umferðarhraða og eykur öryggi vegfarenda. Þá er mikilvægt að stytta viðbragðstíma lögreglu og sjúkraflutninga þar sem hann er mestur. Að því marki ber að fullkanna möguleikann á sérhæfðri sjúkraþyrlu á Suðurlandi.
- ✓ Áfram þarf að forgangsraða vegaframkvæmdum á Suðurlandi í þágu öryggis vegfarenda. Mikill umferðarpungi er í umdæminu, ekki síst vegna mikillar fjölgunar ferðamanna, bæði á þjóðvegi 1 sem og í uppsveitum Árnessýslu.
- ✓ Mikilvægt er að ráðast í heildarendurskoðun á vetrarþjónustu og tryggja að þá daga sem vetrarfærð er sé snjór hreinsaður og vegir og gangstígar hálkuvarðir.
- ✓ Setja þarf útskot, afreinar og aðreinar á hættulega staði þar sem umferðarpungi og hröð umferð mæta heimreiðum og tengivegum. Þá þarf að huga að hjólreiðafólki og gangandi umferð.



LÖGGÆSLA & SJÚKRAFLUTNINGAR

Efla þarf löggæslu og viðbragð sjúkraflutninga. Sýnileg löggæsla og öflugt umferðareftirlit heldur niðri umferðarhraða og eykur öryggi vegfarenda. Þá er mikilvægt að stytta viðbragðstíma lögreglu og sjúkraflutninga þar sem hann er mestur. Að því marki ber að fullkanna möguleikann á sérhæfðri sjúkraþyrlu á Suðurlandi.



- ✓ **Einbreiðar brýr** á Þjóðvegi 1 í Suðurkjördæmi eru 17 talsins. Fagnaðarefni er að í samgönguáætlun er áætlað að þær hverfi allar nema ein sem er yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi. Nefndin hvetur til þess að ráðist verði í tvöföldun brúarinnar hið fyrsta samhliða tilfærslu vegarins vegna landrofs.
- ✓ Víða þarf að **breikka vegi og laga vegaxlir**. Á þetta við um Þjóðveg 1 frá Markarfljóti austur í Skaftafellssýslur en einnig marga stofnvegi í uppsveitum. Gera þarf rifflur í vegmiðjur og koma fyrir vegriðum þar sem bratt er niður af vegum.
- ✓ Mikilvægt er að landsbyggðin hafi greiðan aðgang að skilvirkum, öflugum og hagkvæmum **almenningsamgöngum** sem tryggja aðgengi að þjónustu í höfuðborginni. Þá er mikilvægt að flugsamgöngur verði tryggðar til framtíðar bæði til Hornafjarðar og Vestmannaeyja.
- ✓ Sunnlendingar eiga að vera brautryðjendur í **grænum samgöngum** á Íslandi líkt og gert var með rafvæðingu Herjólfss. Gera þarf stóratök í að fjölga **hleðslustöðvum** fyrir rafbíla um allt Suðurland og því þurfa sveitarfélög að vera tilbúin með skipulag fyrir slíkt. Þá þarf að vinna áfram í landtengingu hafna.
- ✓ Mikilvægt er að styrkja **uppbyggingu ferðamannavega** - þá sjóði sem styrkja slíka uppbyggingu þarf að efla þannig að raunverulegt fjármagn fái til framkvæmda. Þá er mikilvægt að aukið fjármagn fái til uppbyggingar og viðhalds stofn- og tengivega þannig að lagningu bundins slitlags á þá vegi verði hraðað.
- ✓ Tryggja þarf áfram nægilegt **fjármagn til dýpkunar** í og við hafnir á Suðurlandi og tryggja að dýpkun geti farið fram allan ársins hring. Þá þarf sömuleiðis að vinna að endurbótum á höfnunum og eftir atvikum stækkun þeirra, enda eru hafnirnar gríðarlega mikilvægar svæðinu og þjóðinni allri.
- ✓ **Fyrirbyggja þarf landrof** sem ógnar mjög þéttbýlinu í Vík sem og við Þjóðveg 1 á Breiðamerkursandi.
- ✓ Stórar og kostnaðarsamar nýframkvæmdir er hægt að fjármagna með **hóflegum veggjöldum** að hluta eða öllu leyti í samstarfi ríkis og einkaaðila. Útfæra þarf aðkomu ríkisins að slíkum framkvæmdum, hvort sem þær eru að fullu fjármagnaðar með veggjöldum eða að hluta úr ríkissjóði.



VEGAXLIR

Víða þarf að breikka vegi og laga vegaxlir. Á þetta við um Þjóðveg 1 frá Markarfljóti austur í Skaftafellssýslur en einnig marga stofnvegi í Uppsveitum. Gera þarf rifflur í vegmiðjur og koma fyrir vegriðum fyrir þar sem bratt er niður af vegum.



UMHVERFIS-, ORKU- OG LOFTSLAGSRÁÐHERRA

- ✓ Skorað er á umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að **jafna flutningsgjald raforku** milli þéttbýlis og dreifbýlis. Fjarlægja þarf heimild til sérstakrar dreifbýlisgjaldskráar.
- ✓ Skorað er á umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að **flýta uppbyggingu á dreifikerfi raforku**.

HÁSKÓLA-, IÐNAÐAR- OG NÝSKÖPUNARRÁÐHERRA

- ✓ Skorað er á háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra að tryggja **jafnrétti til háskólanáms** óháð búsetu með auknu aðgengi að fjarnámi á Suðurlandi og þar með færa Háskóla Íslands inn á 21. öldina.

HEILBRIGÐISRÁÐHERRA

- ✓ Skorað er á heilbrigðisráðherra að efla og tryggja **bráðaviðbragð sjúkraflutninga HSU**. Efla þarf bráðaviðbragð þar sem bráðatilfellum fjölgar í takt við íbúafjölgun, hækkandi lífaldur þjóðarinnar og aukinnar viðveru ferðamanna á svæðinu. Tryggja verður bráðaviðbragð á fjölsóttustu ferðamannastöðum Suðurlands öllum stundum sólarhringsins.
- ✓ Heilbrigðisráðherra er hvattur til þess að hrinda í framkvæmd hið fyrsta áður samþykktu verkefni um **rekstur sérhæfðrar sjúkrabyrju**. Brynt er að slík þyrja verði staðsett á Suðurlandi og sé hluti af starfsemi HSU.
- ✓ Heilbrigðisráðherra er hvattur til að móta sameiginlega verkferla fyrir **fjarþjónustu og stafrænar lausnir** í heilbrigðiskerfinu á landsvísu.
- ✓ Skorað er á heilbrigðisráðherra að einfalda fyrirkomulag og flýta stafrænni innleiðingu á **endurgreiðslu ferðakostnaðar** innanlands vegna heilbrigðisþjónustu sem ekki er veitt í heimabyggð.

JAFNA FLUTNINGSVERÐ RAFORKU

Árþing SASS skorar á umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að jafna flutningsgjald raforku milli þéttbýlis og dreifbýlis. Fjarlægja þarf heimild til sérstakrar dreifbýlisgjaldskráar.





INNVIÐAUPPBYGGING

Árþing SASS skorar á innviðaráðherra að halda áfram uppbyggingu innviða s.s. samgangna og fjarskipta á Suðurlandi. Tryggja þarf stöðugt aðgengi til að halda uppi fólks- og vöruflutningum um Suðurland.

INNVIÐARÁÐHERRA

- ✓ Skorað er á innviðaráðherra að halda áfram **uppbyggingu innviða** s.s. samgangna og fjarskipta á Suðurlandi. Tryggja þarf stöðugt aðgengi til að halda uppi fólks- og vöruflutningum um Suðurland.
- ✓ Skorað er á innviðaráðherra að **tryggja að allar akstursleiðir skólabíla** séu bundnar slitlagi innan þriggja ára til að tryggja öryggi leik- og grunnskólabarna.

MENNTA- OG BARNAMÁLARÁÐHERRA

- ✓ Skorað er á mennta- og barnamálaráðherra að **tryggja heimavist** við Fjölbrautaskóla Suðurlands til að gæta jafnréttis ungmenna til náms óháð búsetu en færri komast að en þurfa við núverandi aðstæður. Óvissan um framtíð heimavistarinnar er óviðunandi.
- ✓ Skorað er á mennta- og barnamálaráðherra að tryggja áframhaldandi **fjármögnun ART úrræðisins**.